

### Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. júní 2002.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.  
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Borgarfjarðarsveit, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Innri-Akraneshrepp, Leirár- og Melahrepp, Skilmannahrepp og Skorradalshrepp.

### I. KAFLI

Um reglu, velsæmi, góða umgengishætti, hreinlæti og almennt öryggi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir umferð eða vegfarendur.

Þegar er talað er um á almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, torg, bryggjur og afgreiðslustaði bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús, leikhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur o.s.frv., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, verslana, samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

## 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu.

## 4. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða í síma eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

## 5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik eða aðra leiki, gera rennibrautir eða renna sér á skautum eða sleðum. Lögreglustjóri getur þó heimilað leiki barna og sleðaferðir á tilteknum vegum og svæðum, enda séu þá gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að hanga aftan í ökutækjum, sem eru á ferð.

## 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum né neins konar skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má eigi kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkíð er unnið fyrir ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

Öll meðferð og notkun hvellsprengja er bönnuð.

## 7. gr.

Engin má klæðast eða hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

## 8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 9. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns og samþykki sveitarstjórna. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brottnám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 51. gr. samþykktar þessarar. Leyfi sveitarstjórna þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

## 10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglu-

menn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við slíka aðstoð á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

#### 11. gr.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhlutu, báta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslaugar bifreiðar og bíflök að undangenginni tilkynningu, t.d. birtingarvottorði eða ábyrgðarbréfi þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta eða mengun o.s.frv. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslaugar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu sveitarstjórna í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. 51. gr. samþykktar þessarar. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra, sbr. 51. gr. samþykktar þessarar.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

#### 12. gr.

Enginn má láta fyrirberast á lóðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum slíkum stöðum, þar sem gengið er inn í hús á lóð né heldur fara inn í hífýli manns í sölu-erindum án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda.

Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

#### 13. gr.

Hlaðin skotvopn má ekki bera á almannafæri. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið vísi upp.

Garðhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búíð, að engin hætta geti stafað af.

#### 14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Sveitarstjórn getur ákveðið í samræmi við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá.

## 15. gr.

Enginn má gera skurði í gangstéttir, götur, torg eða alfaravegi nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð sé gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmana með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu allan sólarhringinn. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða lögreglustjóri látið ljúka verkinu og sett götur, vegi og torg aftur í samt lag á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

## 16. gr.

Ekki má það hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á veg eða götu og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum.

## 17. gr.

Þegar hús er byggt eða rífið er eiganda eða verktaka skylt að haga framkvæmdum eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og byggingarefni má ekki leggja frá sér á almannaferi nema þar sem lögreglan leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingu stafar, skal eigandi færa í burtu þegar húsagerðinni er svo langt komið að það verði unnt.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða til farartálma, skal taka í burtu þegar þeirra er ei lengur þörf, eða þegar lögreglan krefst þess.

Áður en hús er rífið, skal veðhöfum tilkynnt það sannarlega með a.m.k. viku fyrirvara.

Brenni hús eða annað mannvirki, eða það er tekið í burt án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eigenda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

## 18. gr.

Á alfaravegi má eigi leggja eða skilja neitt það, er tálmar umferðinni frekar en brýna nauðsyn beri til vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er bönnuð nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn vísar á til þeirra nota.

## 19. gr.

Nú er mannvirki skemmt eða svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota það og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

## III. KAFLI

## Um umferð á vegum o.fl.

## 20. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum. Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, skóla, leikvelli eða aðra þá staði þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

## 21. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en í umferðarlögunum segir. Lögreglustjóri getur að fenginni tillögu sveitarstjórnar ákveðið lægri ökuhraða á einstökum götum og vegum eða nálægt byggð.

## 22. gr.

Þeir sem flytja vörur um götur eða vegi á almannafæri, skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, feringu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

## 23. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum eða vegum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð (t.d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð eða vegna fjarrekstra). Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða í þéttbýli að næturlagi.

## 24. gr.

Innan þéttbýlis eru almenn ákvæði um hámarkshraða 50 km á klst. Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum sveitarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða á einstökum götum eða bæjarhverfum.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim sem settar verða skv. lögum um notkun bifreiða.

## IV. KAFLI

## Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o. fl.

## 25. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggaþvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum, spilliefnum o.s.frv. Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum bæjarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af

sveitarstjórn og kynntar með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir-mælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 51. gr. sam-þykktar þessarar.

## 26. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsað sé upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðligg-andi götur eða torg.

## 27. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bók-stöfum eða nafni þar sem það á við, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

## V. KAFLI

**Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.**

## 28. gr.

Um rekstur búpenings til afréttar, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjall-skilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kosnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvöðrun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanns nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskila-reglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og -ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau.

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár sem og um hunda- og kattahald fer eftir sam-þykkt sveitarstjórna.

## VI. KAFLI

**Um friðun almenningseigna o.fl.**

## 29. gr.

Mannvirki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til þrýði á almannaferi, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, raf-veitu eða pósti og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun.

Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparsveita eða ann-arra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan Borgarfjarðarsýslu, að viðlögðum sektum eða fangelsi, allt að sex mánuðum, sbr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu sveitarstjórnar, að viðlögðum sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

30. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir þær eða upp um þær.

31. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notafæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

32. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, svo sem ílátum undan mat- og drykkjarföngum, matarleifum og öðru þvítíku áður en staðurinn er yfirgefinn.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

## VII. KAFLI

### Um uppfestar auglýsingar.

33. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Allar slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

34. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## VIII. KAFLI

### Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir.

35. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnaði sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og lögreglustjóri hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæma gestaskrá.

## 36. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um ofsafengið atferli. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, selur gistingu eða heldur dansleiki og aðrar skemmtanir, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, gistihúsi eða danshúsi, sem fer í bága við góða reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 35. greinar er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni viðvörðun. Ennfremur er lögreglu á skemmtistað heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið, sé reglum þessum ekki fylgt.

## 37. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Sala tóbaks til barna og unglunga innan 18 ára aldurs er bönnuð.

Hvers konar þjónusta við börn og unglunga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Skemmtun, sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra, hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

Fyrir skemmtanaleyfi skal greiða gjald í ríkissjóð, samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

## 38. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, ábyrgist að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Ennfremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði, að eigi annist aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir, og að lögreglumenn verði á skemmtistað.

## 39. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi í samræmi við ákvæði heilbrigðisamþykktar. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

## 40. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til.



## IX. KAFLI

**Um samgöngur við skip.**

41. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

42. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfn, ef sérstök ástæða þykir til.

## X. KAFLI

**Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.**

43. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

44. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í ár, hafnir eða fjörur, rusli, úrgangi, eða öðrum óhreinindum.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, er ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Allri atvinnustarfsemi skal haga á þann veg, að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningsi ekki óþægindum umfram það sem óhjákvæmilegt er.

45. gr.

Skepnur má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki til og sé sláturstaður hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hund komast í blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda.

46. gr.

Sláturhúsastjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðsdýralækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

47. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum er nú gilda eða síðar kunna að vera settar fyrir einstaka hreppa í sýslunni.

## XI. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar o.fl.**

48. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um meðferð skotvopna, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

49. gr.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans í hverju sveitarfélagi skal hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlítt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist lögreglustjóri eða fulltrúi hans að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og gera viðeigandi ráðstafanir.

## XII. KAFLI

### Um refsingar, kostnað o.fl.

50. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem sakborningur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

51. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt þessari lögreglusamþykkt, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

52. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórnir í Borgarfjarðarsýslu hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 550 8. október 1980.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*